

Fundargerð 1. fundar minjaráðs Norðurlands eystra 10. nóvember 2014.

Fundurinn var haldinn á Borgum við Norðurslóð á Akureyri og hófst klukkan 14:00.

Eftirfarandi meðlimir ráðsins sátu fundinn:

Sif Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Norðurþingi, tilnefnd af Eyþingi.

Steinunn María Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi í Fjallabyggð, tilnefnd af Eyþingi.

Örlygur Kristfinnson, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands, tilnefndur af Þjóðminjasafni Íslands.

Baldur Daníelsson, verkefnisstjóri Urðarbrunns menningarfélags, tilnefndur af Minjastofnun Íslands.

Sigurður Bergsteinsson, minjavörður Norðurlands eystra, sem stjórnaði fundinum.

Haraldur Egilsson safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri komst ekki á fundinn, en þess skal getið að til fundarins var boðað með mjög stuttum fyrirvara. Enn hefur ekki borist svar við annarri tilnefningu Minjastofnunar Íslands.

Auk ofanritaðra sátu þrír gestir fundinn. Þau Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Ásta Hermannsdóttir verkefnisstjóri stefnumótunar og Sigurjón Þórðarson ráðgjafi hjá Hagvangi. Þau voru komin til Akureyrar til að stýra fundi um stefnumótun í minjavernd.

Fundurinn hófst á því að fundarmenn kynntu sig og sín störf. Að því loknu kynnti Sigurður starfssvið Minjastofnunar Íslands og hlutverk minjaráða eins og því er lýst í [lögum um menningarminjar nr.80/2012](#) og hugmyndir um helstu viðfangsefni ráðsins. Sigurður sagði að störf ráðsins ættu eftir að mótast. Hann sagðist binda miklar vonir við að störf minjaráðs myndi efla minjavörslu almennt á svæðinu. Við kynninguna voru notaðar skyggjur, sem sendar verða fulltrúum í ráðinu.

Eftir kynninguna voru frjálssar umræður um hvernig ráðið myndi starfa og hver viðfangsefnin væru. Sigurður stakk upp á að næsti fundur skyldi haldinn í janúar, þar sem þessi fyrsti fundur væri stuttur og snérist mest um að fólk kynntist og áttaði sig á hlutverki ráðsins í stórum dráttum. Undir þetta tóku fundarmenn. Örlygur taldi að nota ætti fyrsta fundinn til að fara yfir stöðu minjavörslunar á svæðinu. Í framhaldinu væri hægt að móta áherslur í starfi minjaráðsins. Undir þetta tóku allir fundarmenn.

Fundi var slitið klukkan 15:00 og héldu fundarmenn þá á almennan fund um stefnumótun í minjavernd, sem haldinn var af Minjastofnun í HA.

Sigurður var fundarritari